

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Ómar Valdimarsson <omarv@samkaup.is>
Sent: mánudagur, 31. ágúst 2020 08:28
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: Samkaup

Categories: Vistað í OneCRM; 2005003
One: -1

Sæll Kristján

Á fundir stjórnar Samkaupa fyrir helgina var fjallað um stöðu verslunar félagsins í Búðardal, rekstur hennar og þá umræðu sem verslunin hefur verið í meðal heimamanna. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Stjórn félagsins hefur fjallað um áskorun undirskriftaraðila um aðra búðargerð verslunar Samkaupa í Búðardal sem bærust félaginu þann 25. ágúst sl. og einnig bókun sveitarstjórnar Dalabyggðar frá því í maí. Rekstur verslunarinnar í Búðardal hefur mörg undanfarin ár verið erfiður og afkoma hennar óviðunandi. Breytingar á búðargerð fyrir 3 árum skiluðu ekki þeim ávinningi sem vænst var og rekstrarniðurstaðan versnaði enn frekar. Ekki er hægt að una við stöðugan og vaxandi taprekstur búðarinnar í Búðardal enda er gerð krafa um sjálfbæran rekstur búða hjá Samkaupum og þess vegna er ekki hægt að verða við framangreindri áskorun.

Búðin er samfélaginu í Búðardal mikilvæg, bæði sem vinnustaður sem skapar störf m.a. við að þjónusta þá ferðamenn sem eiga leið í gegnum bæinn og einnig er búðin mikilvæg til að sinna daglegum þörfum íbúa í sveitarfélaginu. Ég vil ítreka vilja Samkaupa um að leggja sig fram um rekstur verslunarinnar í Búðardal verði sjálfbær, bæði hvað varðar rekstrarniðurstöðu rekstarins og einnig að ná sátt við viðskiptavinum búðarinnar.

kveðja
Ómar